

Akureyrarbær

b.t. skipulagsráðs

Kópavogur 06.06.2024

Efni: Umsókn um byggingarlóð/byggingarreit Þursaholt 2-12, Akureyri og í framhaldi breytingu deiliskipulags á reitnum svo reisa megi hjúkrunarheimili.

Forsvarsmenn Heilsuverndar ehf. og tengdra aðila hafa áhuga á uppbyggingu lífsgæðakjarna við Þursaholt 2-12 og hafa í þessu samhengi verið í samskiptum við Akureyrarbæ.

Forsaga málsins er sú að Heilsuvernd Hjúkrunarheimili sem er dótturfélag Heilsuverndar rekur öldrunarþjónustu hjúkrunarheimilanna að Hlíð og Lögmannshlíð, Akureyri frá árinu 2021 við góðan orðstír. Félagið er með samninga í gildi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) um veitingu þjónustunnar og verður áfram. Þegar hefur verið samið við SÍ um nauðsynlega stækkun heimilisins um 80 rými, sem nú eru skilgreind á skipulagi að Vestursíðu.

Það hjúkrunarheimili á að rísa vestan við Síðuskóla og verða tilbúið til notkunar samkvæmt áætlunum Framkvæmdasýslu Ríkisins (FSRE) í janúar 2027. Þegar er komin töf á það verkefni en sú framkvæmd miðast við eldra fyrirkomulag um byggingu hjúkrunarheimila í kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélags í 85/15 hlutföllum. Skipulag þeirrar lóðar og nálgunar er með þeim hætti að ekki verður um samtengingu húsnæðis við Lögmannshlíð að ræða og því ekki nein samlegð af rekstri húsnæðisins að Vestursíðu. Það leiðir af sér að skynsamlegt er að horfa einnig til annarra staðsetninga innan bæjarmarka með uppbyggingu þessa hjúkrunarheimilis.

Akureyrarbær hefur um nokkuð skeið unnið að uppbyggingu reits við Þursaholt 2-12, en þau áform eru nú breytt þar sem lóðinni hefur verið skilað til bæjarins. Eftir stendur mikill áhugi til þess að þar rísi svokallaður lífsgæðakjarni sem innifelur sem kjarnastarfssemi hjúkrunarheimili, íbúðir og þjónustukjarna. Þær hugmyndir hafa verið kynntar fyrir ráðuneyti heilbrigðismála af hálfu Akureyrarbæjar sbr. Fylgiskjal 1.

Breytingar hafa orðið á uppleggi ríkisins með húsnæði og uppbyggingu hjúkrunarheimila samkvæmt nýrri skýrslu starfshóps sem skilaði í nóvember 2023. Þar er gert ráð fyrir því að rekstraraðili hjúkrunarheimilis komi snemma að ferli, útfærslu, hönnun og verkefni í heild. Í tilviki Akureyrar liggur rekstraraðilinn þegar fyrir eins og ráðuneyti heilbrigðismála benti Akureyrarbæ á í kjölfar kynningar á mögulegum lífsgæðakjarna.

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/01/11/Nytt-og-skilvirkara-fyrirkomulag-vid-oflun-husnaedis-fyrir-hjukrunarheimili/>

Í fyrirliggjandi gögnum frá Akureyrarbæ kemur fram að mögulegt sé að byggja bæði hjúkrunarheimili og íbúðir auk þjónustukjarna eða svokallaðan lífsgæðakjarna á fyrirliggjandi reit að Þursaholti 2-12 og að möguleiki sé til enn frekari stækkunar reitsins með viðbótum tveggja fjölbýlishúslóða.

Það dylst engum að húsnæði Heilsuverndar Hjúkrunarheimils að Hlíð hefur þurft að ganga í gegnum gagngerar endurbætur. Framkvæmdasýsla Ríkisins ber ábyrgð á framkvæmdum og hafa orðið tafir á verkefninu sem enn sér ekki fyrir endann á. Heimilið hefur þurft að loka alls 21 rými vegna framkvæmdanna og nú stefnir í frekari lokun á 9 rýmum í sumari. Mótvægisáðgerðir heimilisins, tilfærsla íbúa og starfsfólks eru miklar og hafa áhrif á alla innviði heilbrigðisþjónustu á Akureyri. Framkvæmdir eru einungis hafnar við álmur 2,3 og 4 og þeim mun ekki ljúka fyrr en á árinu 2025. Endurbætur á Álmu 1 eru enn óljósar í framkvæmdaáætlun.

Það er mat Heilsuverndar að ekki sé hægt að bíða með uppbyggingu hjúkrunarrýma frekar og leita þurfi leiða til að hraða henni með öllum mögulegum ráðum til að vernda innviði og þjónustu við eldri borgara á Akureyri. Þá liggja fyrir niðurstöður í húsnæðiskönnun félags eldri borgara sem sýnir mikla þörf á uppbyggingu húsnæðis og úrræða fyrir þann hóp með áherslu á lífsgæðakjarna sem verulegur áhugi er á. Fylgiskjal 2.

Þess vegna hefur Heilsuvernd rætt ofangreinda hugmynd um lífsgæðakjarna á vettvangi FSRE, Heilbrigðis- og fjármálaráðuneytis og fengið góðar undirtektir.

Félagið rekur í dag Heilsuvernd Hjúkrunarheimili á Akureyri sem er 4-5. Stærsta heimili landsins sé horft til fjölda íbúa, þá rekur félagið Heilsuvernd Vífilsstaði sem er öldrunar og líknarþjónustueining auk biðpláss. Uppbygging 100 rýma einingar í Urðarhvarfi 16 er á lokastigum og búið að ganga frá samningsmarkmiðum við FSRE og Sí um þá þjónustu og stefnt að opnun á næsta ári. Þar hefur félagið einstaká reynslu og er fyrst allra til að vera að ljúka verkefni sem byggir á nýrri skýrslu um húsnæði hjúkrunarheimila.

Auk þessa rekur félagið líkt og þekkt er Heilsugæslustöð í Urðarhvarfi í Kópavogi með tæplega 14 þúsund skjólstaðinga og ríflega 1000 skráða skjólstaðinga á Akureyri, þar sem félagið hefur barist fyrir því að fá að þjónusta skjólstaðinga sína með sama góða hætti og kannanir bera vott um á höfuðborgarsvæðinu. Þar er einnig rekin sjúkrapjálfun og fjölbreytt heilbrigðisþjónusta í húsnæði að Urðarhvarfi 14.

Þessu til viðbótar er félagið stærsti þjónustuveitandinn á sviði fyrirtækja og heilbrigðisráðgjafar á markaði og samnýtir þannig tækifæri til vaxtar og aukinnar þjónustu. Hjá félaginu starfa tæplega 600 einstaklingar í dag, áætlanir gera ráð fyrir því að hjá félaginu muni starfa rúmlega 1000 manns á næstu 2-3 árum. Félagið er skuldlaust og hefur aðkomu að fasteignaverkefnum í kringum þann rekstur sem það sinnir og leitast eftir því að gera það áfram.

Heilsuvernd og tengdir aðilar sækjast því eftir sérstakri úthlutun ofangreindrar lóðar með það að markmiði að byggja upp lífsgæðakjarna á grunni samninga um rekstur hjúkrunarheimilis, en einnig þjónustukjarna og íbúða fyrir eldri borgara. Við teljum að með því að úthlutun lóðar/reitar á einni hendi sé þessi uppbygging lífsgæðakjarna betur tryggð og skjótari en ella og hagsmunir hraðrar uppbyggingar augljósir.

Mikilvægt er að það komi fram að eignarhald á fasteignum og rekstri er aðskilið. Í þessu ljósi hefur félagið farið yfir verkefnið í heild og fengið jákvæð viðbrögð um aðkomu Stefnis f.h. lífeyrissjóða og Arion Banka m.t.t. fjármögnunar verkefnisins. Fylgiskjal 3. og 4. Þá hefur félagið horft til þess hvernig mögulegt er að flýta framkvæmdum og hönnun umtalsvert og er stefnt að opnun árið 2026. Það er rúmu ári fyrir en sá tími sem skilgreindur hefur verið fram til þessa hvað varðar hjúkrunarheimilið. Félagið er tilbúið að kynna fyrirætlanir sínar í frekari viðræðum.

Virðingarfyllt



Teitur Guðmundsson

Forstjóri

